

KJARASAMNINGUR
milli
Ríkisútvarpsins
og
BÍ vegna Félags fréttamanna

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Félags fréttamanna og Ríkisútvarpsins.

2. gr.

Meginmarkmið

Kjarasamningur þessi er framlenging á samningi aðila sem gildi frá 2019-2022. Að mati samningsaðila styður samningurinn við kaupmátt launa auk þess að veita heimilum og fyrirtækjum fyrirsjáanleika á miklum óvissutímum. Samningurinn geti þannig byggt undir stöðugleika og skapað forsendur fyrir langtímasamningi.

Gildistími

Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

Almenn launahækkun

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5,0% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf er:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 kr. 56.000.

1113
2-5
SJA

Hagvaxtarauki 2023

Með hækkun 1. nóvember 2022 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

3. gr.

Þau ídgjöld vegna sjóða sem tilgreindir eru í ákvæðum 12.3, 12.4 og 12.5 í kjarasamningi RUV og Félags fréttamanna greiðast í samsvarandi sjóði BÍ frá og með 1. janúar 2023. Samhliða falla niður greiðslur til sjóða BHM.

4. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings


Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 12:00 þann 20. janúar 2023.

Reykjavík, 6. janúar 2023

F.h. Félags fréttamanna



F.h. RUV



Kauptaxtar á samningstímanum

Fréttamaður	
Byrjunarlaun	545.341
eftir 1 ár í starfsgr	567.838
eftir 3 ár í starfsgr	576.545
eftir 5 ár í starfsgr	590.623
eftir 7 ár í starfsgr	602.706
Fréttamaður með	
mastersgráður	
Byrjunarlaun	556.297
eftir 1 ár í starfsgrein	579.289
eftir 3 ár í starfsgrein	588.277
eftir 5 ár í starfsgrein	600.301

11/13 25
3
SATA